

2.bekkur náttúrugreinar kennsluáætlun 2019-2020 fyrir áramót

Kennarar: Elín Björg Jónsdóttir; Inga Bryndís Ingvarsdóttir; Sigríður Karlsdóttir

2

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

- Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.
- Að nemendur verði verði sjálfstæðir og virkir þátttakendur í okkar samfélagi.
- Að nemendur sýni frumkvæði og geti aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Komdu og skoðaðu
- Bækur sem tengjast byrjendalæsi
- Bækur sem tengjast náttúrunni
- Ipad/tölvur

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Byrjendalæsi
- Vettvangsferðir
- Þemanám
- Hópaverkefni
- paraverkefni
- einstaklingsvinna
- innlifunaraðferðir
- skapandi verkefni

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Leiðsagnamat
- sjálfsmat
- símat

GF náttúrugreinar - verklag 2.bekkur - Geta til aðgerða

- Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.
- Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.
- Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.

GF náttúrugreinar - verklag 2.bekkur - Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.
- Bent á störf sem krefjast sérþekkingar.

GF náttúrugreinar - verklag 2.bekkur - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.
- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.
- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.

GF náttúrugreinar - verklag 2.bekkur - Vinnubrögð og færni

- Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.
- Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.
- Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.
- Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.

GF náttúrugreinar - verklag 2.bekkur - Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.
- Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns.
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

- Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum.

GF náttúrugreinar - viðfangsefni 2.bekkur - Að búa á jörðinni

- Tekið þátt í og sagt frá einföldum athugunum á jarðvegi, veðrun og rofi.
- Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð.
- Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.

GF náttúrugreinar - viðfangsefni 2.bekkur - Lífsskilyrði manna

- Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans.
- Útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans.
- Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefnis.
- Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf.

GF náttúrugreinar - viðfangsefni 2.bekkur - Náttúra Íslands

- Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.
- Útskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi.
- Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.

GF náttúrugreinar - viðfangsefni 2.bekkur - Heilbrigði umhverfisins

- Fjallað um samspil manns og náttúru.
- Flokkað úrgang.

GF náttúrugreinar - viðfangsefni 2.bekkur - Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- Flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra.
- Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.
- Gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir.

